

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar
Bæjarstjórn Hveragerðis
Bæjarstjórn Árborgar
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Bæjarstjórn sveitarfélagsins Ölfuss

Netföng; radhus@arborg.is; mottaka@hveragerdi.is; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is;
gogg@gogg.is; hruni@fludir.is; skeidgnup@skeidgnup.is; olfus@olfus.is

29. maí 2022

Efni: Náttúruskólinn að Alvíðru

Ágætu sveita- og bæjarstjórnir

Landvernd og Árnessýsla eiga saman jarðirnar Alvíðru og Öndverðarnes II við Sogið undir Ingólfsfjalli. Þar var um langt árabíl rekinn náttúruskóli og fræðslusetur. Vorið 2021 var fræðslustarfið að Alvíðru endurvakið og var lögð sérstök áhersla á að ná til skóla í Árnessýslu. Undirtektir voru góðar og um 600 börn og ungmenni tóku þátt í fræðslu og upplifun um náttúru svæðisins, stærsti hlutinn úr skólum í sýslunni¹.

Reynslan sýnir að útvera og náttúrumennt eru góðir samherjar. Alvíðra býður upp á góða aðstöðu í notalegri kennslustofu í bæjarhúsinu og stórt athafnasvæði í hlöðunni. Þá veitir dagsdvöl í Alvíðru aðgang að fjölbreyttri náttúru til að njóta og skoða. Hlíðar Ingólfsfjalls eru góð uppspretta fræðslu um jarðfræði. Sogið er kjörið til fræðslu um lífið í vatninu og þá fugla sem afla sér lífsviðurværis á svæðinu. Öndverðarnes II er náttúrulegur birkiskógur og þar liggur gönguleið þar sem lindáin Sogið og jökuláin Hvítá mætast. Blómaskrúð er mikið og gróður fjölbreyttur til að njóta og greina. Tæki og handbækur eru á staðnum til að styðja kennsluna. Hægt er að velja úr verkefnum sem passa mismunandi aldurs skeiðum.

Beinar tekjur af nytjum Alvíðru eru takmarkaðar og duga tæplega fyrir umsýslu og viðhaldi². Þar sem fjárhagur Landverndar var nokkuð rúmur undanfarin tvö ár ákvað stjórnin í ársbyrjun 2021 að veita styrk til að koma fræðslustarfinu að Alvíðru aftur af stað í þeirri von að með tíð og tíma mætti skapa því rekstrarlegar forsendur. Nú eru horfur í fjármálum Landverndar verri og því er ljóst að ekki verður svigrúm til að sækja frekari styrk í félagssjóð Landverndar til að viðhalda fræðslustarfinu að Alvíðru að afloknu sumri og á næsta ári.

¹ Eftirfarandi skólum var boðið að taka þátt í dagskránni 2021 og 2022: Grunnskólinn í Hveragerði, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Sunnulækjarskóli Selfossi, Vallaskóli Selfossi, Flóaskóli Flóahreppi, Kerhólsskóli, Flúðaskóli og Bláskógaskóli.

² Tekjur á árinu 2021 voru um 3,8 m.kr. Rekstrarkostnaður og viðhald námu 4,2 m.kr. Auk þess greiddi Landvernd launakostnað vegna fræðslustarfsins.

Þess vegna er nú leitað til sveitarfélaga í Árnessýslu um stuðning við starfið. Hugmyndin er að halda opnu fræðslustarfinu fyrir grunnskóla á svæðinu í tvo mánuði að vori (15. apríl til 15. júní) og tvo mánuði að hausti (20. ágúst til 20. október). Starfsmaður þarf að vera á staðnum til að undirbúa komu nemenda og aðstoða kennara við fræðslu og útvist. Launakostnaður fyrir þetta tímabil er áætlaður um 4 m.kr.

Tillaga sem við leggjum fram er að sveitarfélögin taki í sameiningu að sér að fjármagna launakostnað starfsmanns Alviðru á framangreindu tímabili og deili sín á milli í samræmi við fjölda grunnskólanema. Kennarar og nemendur viðkomandi sveitarfélaga hefðu forgang að því að nýta aðstöðuna og nytu aðstoðar starfsmanns Alviðru við undirbúning heimsóknar og framkvæmd. Að sjálfsögðu má skoða aðra útfærslu á þessu fyrirkomulagi en grunnhugsunin er sú að skapa varanlegar forsendur fyrir fræðslustarfi sem fyrst og fremst myndi þjóna börnum úr þessum þremur stóru og ört vaxandi sveitarfélögum. Hugsanlega má einnig í sameiningu ná hagstæðum samningum við rútuþyrirtæki á svæðinu um að flytja nemendur til og frá Alviðru.

Við erum að sjálfsögðu reiðbúin að hitta fagnefndir sveitarfélaganna til að fara betur yfir málið og framangreinda hugmynd.

Virðingarfyllt,

Tryggvi Felixson
formaður stjórnar Alviðrufélags og stjórnar Landverndar

Frekari upplýsingar:

- Dæmi um þá dagskrá sem boðið er upp á í Alviðru: <https://landvernd.is/alvidra/>
- Grein um hvernig Héraðsnefndin og Landvernd eignuðust Alviðru; <https://www.dfs.is/2021/08/19/alvidra-i-ljosi-sogunnar/>